



Norræna  
ráðherranefndin

# Verkefna- og fjárhagsáætlun 2024

Samantekt

# Efnisyfirlit

Inngangsorð framkvæmdastjóra	3
Viðræður við Norðurlandaráð um verkefni í fjárhagsáætlun ársins 2024	4
Fjárhagsrammi Norrænu ráðherranefndarinnar 2024	7
Áætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar á starfsárinu 2024	10
Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna	15
Fjárhagsáætlanir og lausafjárstaða Norrænu ráðherranefndarinnar í sögulegu ljósi	17
Yfirlit yfir liði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar	22
Fylgiskjal	29
Um ritið	31

# Inngangsorð framkvæmdastjóra

*Vinnan að því að uppfylla Framtíðarsýn okkar 2030 og markmiðin á áherslusviðunum þremur, þ.e. grænum, samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum, heldur áfram í fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2024.*

Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2024 er sú síðasta á fjögurra ára framkvæmdaáætluninni sem gildir frá 2021–2024. Í því skyni að styðja við vinnuna við að uppfylla framtíðarsýnina hafa undanfarin þrjú ár verið gerðar miklar breytingar á fjárveitingum í fjárhagsáætluninni þar sem áherslan hefur verið á að efla vinnuna á grænum sviðum. Á þessu tímabili hafa framtíðarsýnin og framkvæmdaáætlunin stuðlað að því að tryggja að Norræna ráðherranefndin standi nú og hér eftir undir þeim væntingum sem almenningur, fyrirtæki og aðrir aðilar á Norðurlöndum hafa til samstarfsins.

Sá árangur sem náðst hefur með vinnunni við framkvæmdaáætlunina og lesa má um í áfangaskýrslu um Framtíðarsýn okkar 2030 bendir til þess að við séum að mörgu leyti nær því að ná settum markmiðum. Áfangaskýrslan sýnir þó jafnframt að norræn samfélög standa enn frammi fyrir mörgum áskorunum. Það á einkum við þegar kemur að umskiptum í átt til sjálfbærari samfélaga, en þau ganga of hægt fyrir sig, samþættingu á milli norrænu landanna, m.a. á sviði stafvæðingar, og bættum skilyrðum fyrir atvinnulífið á Norðurlöndum í heild sinni.

Norræna ráðherranefndin leggur sitt af mörkum til vinnunnar með því að stuðla að lausnum á þessum og öðrum áskorunum með hugmyndavinnu og stefnumótun, fundum með viðeigandi aðilum og stuðningi við áætlanir og verkefni sem skila sér í mikilvægri þekkingu og gögnum sem pólitísk umræða í norrænu löndunum getur byggst á. Í þeirri vinnu gegnir fjárhagsáætlunin mikilvægu hlutverki varðandi pólitíska forgangsröðum og áherslur á aðgerðir á þeim sviðum þar sem þær skila mestum árangri.

Undanfarin ár hefur sérstaklega verið lögð mikil áhersla á að tryggja góða umsýslu fjármuna. Svo verður áfram á árinu 2024 og eftirleiðis. Meðal annars hefur verið sett af stað vinna til þess að tryggja umsjón með markmiða- og árangursstjórnun sem gagnast bæði valdhöfum og þeim sem taka við fjárveitingum og verður innleidd á næstunni.

Norrænu samstarfsráðherrarnir hafa ákveðið að framtíðarsýnin og áherslusviðin þrjú gildi áfram til ársins 2030. Með því er þó ekki sagt að við munum gera allt með sama hætti og áður. Á árinu 2024 mun vinnan við að þróa og samþykkja nýjar samstarfsáætlanir og markmið fyrir allar fagráðherranefndirnar frá 2025 vera fyrirferðarmikil í daglegu starfi fagsviðanna. Heimsmyndin breytist stöðugt og þótt hin almenna stefna sé óbreytt er alltaf þörf á smávægilegum breytingum hér og þar til þess að tryggja að við stefnum að sameiginlegu markmiði okkar um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030.



Karen Ellemann

framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

# Viðræður við Norðurlandaráð um verkefni í fjárhagsáætlun ársins 2024

Pólítískar samningaviðræður Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um fjárhagsáætlun ársins 2024 fóru fram vorið 2023 en þeim lyktaði með samkomulagi um eftirfarandi verkefni sem nema alls 20,5 milljónum DKK.

## Stuðningur við norræn samtök borgaralegs samfélags og félagasamtök (10.500.000 DKK):

Borgaralegt samfélag er ein af grundvallarstoðunum í norrænum samfélögum og mörg samtök gegna mikilvægu hlutverki í norrænu samstarfi. Árið 2021 var því sett á laggirnar áætlun með það fyrir augum að efla borgaralegt samfélag í norrænu löndunum. Til að byrja með gildir áætlunin til og með 2024.

Þessi áætlun verður aðlöguð og aukinn kraftur settur í hana í því skyni að stuðla að frekari menningar- og þekkingarskiptum. Samstarfsráðherrarnir ráðstafa því 10.500.000 DKK til áætlunarinnar til viðbótar við það fé sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Á grundvelli þeirra viðræðna sem fram hafa farið á milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs getur áætlunin stutt við fjölbreyttan hóp viðtakenda.

Á árinu 2024 eru eftirfarandi fjárhæðir eyrnamerkar sem hér segir:

- 3.250.000 DKK til menningarlegs samstarfs á Norðurlöndum, þ.m.t.
  - hljómsveitasamstarfs og samspils þvert á norræn landamæri, og
  - fræðslu um norrænar bókmenntir.
- 3.250.000 DKK til fræðslu, þekkingarmiðlunar og tungumálaskilnings, þ.m.t.
  - til verkefna sem tengjast fræðslu um Norðurlönd og annarra verkefna sem tengjast Norðurlöndum innan menntastofnana (t.d. grunnskóla, menntaskóla, háskóla),
  - stuðnings við skilning ungs fólks á öðrum norrænum tungumálum,
  - átaks til vitundarvakningar um norrænt sjónarhorn í blaðamennsku.
- 1.000.000 DKK til funda og samstarfsneta sem styrkja rödd borgaralegs samfélags og auka tækifæri samtaka til að hafa áhrif á samfélagið, þ.m.t.
  - til funda, ráðstefna og vinnustofa með norrænu þema og jafnframt
  - fyrirgreiðslu og miðlun hugmynda og þekkingar á milli ólíkra borgaralegra samtaka á Norðurlöndum.
- Allt að 3.000.000 DKK til verkefna ungs fólks á sviði umhverfis- og loftslagsmála, sbr. kafla um „ungmennasjóð“ hér fyrir neðan. Verði þetta fé ekki nýtt í þessu skyni má nýta það til annarra ofangreindra verkefna.

Borgaraleg samtök á öllum samfélagssviðum geta sótt um styrki í tengslum við ofangreinda flokka, þ.m.t. frjáls félagasamtök, stofnanir, góðgerðarsamtök, borgarasamtök, hagsmunasamtök, vinnumarkaðssamtök, trúfélög, samvinnufélög eða óhagnaðardrifin samtök. Fulltrúar að minnsta kosti þriggja norrænna landa þurfa að standa að verkefninu.

Stuðningur við lykilaðila á sviði menningar og menntamála á Norðurlöndum (alls 8.000.000 DKK):

Nokkrir aðilar gegna mikilvægu hlutverki í norrænu samstarfi á sviði menningar- og menntamála. Með hliðsjón af starfsemi þessara aðila ráðstafa samstarfsráðherrarnir til þeirra 8.000.000 DKK til viðbótar við það fé sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024.

Féð skiptist sem hér segir:

- 1.000.000 DKK til Norræna hússins í Reykjavík (NOREY)
- 1.000.000 DKK til Norðurlandahússins í Færeyjum (NLH)
- 350.000 DKK til Norrænu stofnunarinnar á Álandseyjum (NIPÅ)
- 650.000 DKK til styrkjaáætlunarinnar til menningarmála sem Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA) hefur ráðstöfunarrétt yfir
- 2.500.000 DKK til Norræna rannsóknarráðsins, NordForsk (m.a. til rannsókna á sýklalyfjaónæmi)
- 1.000.000 DKK til Norrænu menningargáttarinnar (m.a. til menningarverkefna fyrir börn og ungt fólk á Norðurlöndum)
- 1.500.000 DKK til Norræna menningarsjóðsins

Önnur svið:

Auk ofangreindra mála lýsa samstarfsráðherrarnir eftirfarandi yfir í framhaldi af samráði við Norðurlandaráð:

- að umhverfis- og loftslagsmálasvið hafi í tengslum við samkomulag um fjárhagsáætlun ársins 2023 veitt 3.000.000 DKK til svonefnds „Norræns æskulýðssjóðs fyrir loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni“, en með honum getur ungt fólk sótt um styrki til að skipuleggja eða taka þátt í norrænu starfi sem hvetur ungt fólk á Norðurlöndum til að láta til sín taka í loftslagsmálum og málefnum líffræðilegrar fjölbreytni. Hægt er að nota féð til og með 2025 og því munu samstarfsráðherrarnir fylgjast með framgangi vinnunnar við sjóðinn á árinu 2024 og upplýsa Norðurlandaráð um hann. Verði allt féð nýtt á árinu 2023 getur ráðherranefndin um umhverfis- og loftslagsmál leitað eftir frekari styrk við sjóðinn á árinu 2024 af því fé sem veita skal til verkefna fyrir ungt fólk á sviði loftslags- og umhverfismála samkvæmt samkomulagi um fjárhagsáætlun 2024, sbr. ofangreint. Verði það fé jafnframt nýtt til fulls eru samstarfsráðherrarnir jákvæðir gagnvart því að finna leiðir til frekari fjármögnunar.
- að samið hafi verið um að samstarfsráðherrarnir ráðstafi 1.000.000 DKK til þess að efla tækifæri til norrænna menningarskipta utan norrænu landanna.
- að MR-S ráðstafar allt að 1.000.000 DKK til skýrslu um fátækt á meðal barna á Norðurlöndum til að fylgja eftir tilmælum Norðurlandaráðs 21/2022 um börn og ungt fólk sem elst upp við viðvarandi lágur tekjur.
- að samstarfsráðherrarnir hafa í tengslum við samkomulag um fjárhagsáætlun 2023 ráðstafað 500.000 DKK til eftirfylgni við skýrslu Jans-Eriks Enestam um að efla samstarf um almannavarnir á Norðurlöndum og jafnframt 250.000 DKK til að efla vinnu í tengslum við afnám stjórnsýsluhindrana á milli norrænu landanna. Samstarfsráðherrarnir munu fylgjast með framgangi vinnunnar við samstarf um almannavarnir og afnám stjórnsýsluhindrana og upplýsa Norðurlandaráð um hann.
- að ákveðið hefur verið að samráð skuli vera milli Norðurlandaráðs og Norrænu

ráðherranefndarinnar til að ná eftir því sem framast er unnt sameiginlegum skilningi um fjárhagsramma og grundvallaratriði fjárhagsáætlunar fyrir komandi fjárhagsár.

- að ákveðið hefur verið að halda áfram viðræðum við Norðurlandaráð um hvort koma megi á fót ráðherranefnd samgöngumála.
- að ákveðið hefur verið að núverandi og næsta formennskuland Norrænu ráðherranefndarinnar fundi með núverandi og næsta formennskulandi Norðurlandaráðs í lok árs 2023 til að ræða gerð norrænna fjárhagsáætlana í framtíðinni.

# Fjárhagsrammi Norrænu ráðherra- nefndarinnar 2024

Fjárhagsrammi Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2024 nemur samtals **1.055.400 þús.DKK** og er hann óbreyttur að raungildi miðað við fjárhagsáætlun ársins 2023.

Rammann er hægt að sundurliða á eftirfarandi hátt:

Heildarramminn	ÞÚS.DKK
Samþykkt fjárhagsáætlun 2024 á verðlagi ársins 2023	1.037.564
Áhrif verðbólgu milli ára á verðlagi ársins 2024	39.608
Áhrif gengisbreytinga milli ára	-21.772
<b>Samtals á verðlagi ársins 2024</b>	<b>1.055.400</b>

Vegna framreiknings í fjárhagsáætlun ársins 2024 koma til verðbætur að upphæð 39.608 þús.DKK, sem samsvara um 3,8% hækkun fjárhagsáætlunar. Umreikningur fjárveitinga til stofnana úr gjaldmiðli landsins í danskar krónur felur í sér hækkun á fjárhagsáætlun að upphæð -21.772 þús.DKK. Þó ber að undirstrika að þetta hefur engin raunveruleg áhrif á stærð fjárhagsáætlunarinnar (og framlög landanna) eða upphæð fjárveitinga til stofnana. Gengi gjaldmiðla er eingöngu notað til að umreikna fjárveitingar til stofnana, sem greiddar eru út í gjaldmiðli búsetulandsins, yfir í danskar krónur.

Norræna ráðherranefndin er formlegur samstarfsvettvangur norrænu ríkisstjórnanna. Starfsemi Norðurlandaráðs byggist á Helsingforssamningnum frá 1971. Formennska í ráðherranefndinni færir árlega milli landanna. Svíþjóð tekur við formennsku af Íslandi 2024. Norrænu samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) bera meginábyrgð á því að samræma samstarfið. Auk þess fer samstarfið fram í ellefu fagráðherranefndum. Skiptingu fjárveitinga milli ráðherranefndanna má sjá á töflunni á næstu blaðsíðu.

Í framhaldi af nútímavæðingarferlinu Ný Norðurlönd 1.0 var almennu ákvæði bætt inn í fjárhagsáætlunina 2017 sem gefur kost á pólitískum tilfærslum á fé við sérstakar aðstæður. Hugsunin að baki ákvæðinu er sú að ef sérstakar aðstæður koma upp sem kalla á breytingar á fjárhagsáætlun eigi að vera pólitískt hægt að bregðast við breyttum þörfum. Ákvæðið veitir samstarfsráðherrunum umboð í sérstökum tilvikum og innan þeirra eigin ramma til að færa til fé milli fjárhagsliða. Ákvæðið gerir einnig samstarfsráðherrunum kleift í sérstökum tilvikum og að fenginni tillögu frá viðkomandi ráðherranefnd til að samþykkja tilfærslu á fé innan fjárhagsramma annarra fagsviða. Ákvæðinu skal beitt í samráði við Norðurlandaráð. Sjá fylgiskjal um ráðstöfunarreglur Norrænu ráðherranefndarinnar.

		Fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun	Mismunur	
		2024	2023	Nafnv.	Leiðr.
<b>1.</b>	<b>MR-SAM, samstarfsráðherrarnir</b>	<b>285.852</b>	<b>288.479</b>	<b>-3.306</b>	<b>-12.125</b>
a.	Stuðla að grænum, samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum	122.423	135.680	-13.936	-17.625
b.	Alþjóðasamstarf	62.553	55.429	7.124	5.000
	i. Þar af skrifstofurnar*	16.458	14.979	1.479	1.000
c.	Skrifstofuhald	100.876	97.370	3.506	500
	i. Þar af skrifstofan (NMRS)	90.563	87.925	2.638	0
<b>2.</b>	<b>MR-U, menntamál og rannsóknir</b>	<b>200.388</b>	<b>208.132</b>	<b>-7.744</b>	<b>-7.250</b>
a.	Almenn framlög til menntamála og rannsókna	207	205	2	-5
b.	Stefnumörkun o.fl.	12.341	13.351	-1.010	-1.451
c.	Ferðastyrkja- og samstarfsnetaáætlanir	84.866	80.164	4.702	1.674
d.	Norræna rannsóknaráðið, NordForsk (stofnun)	101.477	112.732	-11.255	-7.232
e.	Annað rannsóknasamstarf	1.497	1.680	-183	-236
<b>3.</b>	<b>MR-S, félags- og heilbrigðismál</b>	<b>42.157</b>	<b>42.984</b>	<b>-827</b>	<b>-500</b>
	i. Þar af Norræna velferðarmiðstöðin (stofnun)	18.540	19.941	-1.401	-231
<b>4.</b>	<b>MR-K, menningarmál</b>	<b>155.590</b>	<b>157.856</b>	<b>-2.266</b>	<b>-7.250</b>
a.	Almenn framlög til menningarmála	44.850	45.428	-578	-2.178
b.	Kvikmyndir og fjölmiðlar	33.087	32.558	529	-651
c.	Styrkjaáætlanir	31.509	31.922	-413	-1.538
d.	Menningarstofnanir	42.449	43.233	-784	-1.731
e.	Önnur framlög til menningarmála	3.695	4.715	-1.020	-1.152
<b>5.</b>	<b>MR-FJLS, fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt</b>	<b>52.120</b>	<b>50.863</b>	<b>1.257</b>	<b>1.750</b>
a.	Fiskveiðar	6.906	6.660	246	0
b.	Landbúnaður	25.813	27.244	-1.431	0
	i. Þar af Norræna erfðaauðlindastofnunin, NordGen (stofnun)	23.810	25.313	-1.503	0
c.	Skógrækt	7.057	6.805	252	0
d.	Matvæli	6.502	6.270	232	0
<b>6.</b>	<b>MR-JÁM, jafnréttismál og LGBTI</b>	<b>12.017</b>	<b>11.589</b>	<b>428</b>	<b>0</b>
<b>7.</b>	<b>MR-VÆKST, sjálfbær hagvöxtur</b>	<b>164.134</b>	<b>156.456</b>	<b>7.678</b>	<b>8.500</b>
a.	Atvinnulíf	100.768	97.954	2.814	4.000
	i. Þar af Norræna nýsköpunarmiðstöðin (stofnun)	63.483	78.404	-14.921	-12.404

b.	Orkumál	26.542	22.407	4.135	4.000
	i. Þar af Norrænar orkurannsóknir (stofnun)	10.780	10.407	373	800
c.	Byggðamál	36.824	36.095	729	500
	i. Þar af Nordregio, rannsóknarstofnun á sviði byggða- og skipulagsmála (stofnun)	10.994	11.687	-693	0
<b>8.</b>	<b>MR-MK, umhverfis- og loftslagsmál</b>	<b>106.506</b>	<b>86.456</b>	<b>20.050</b>	<b>16.250</b>
<b>9.</b>	<b>MR-A, vinnumál</b>	<b>13.733</b>	<b>13.788</b>	<b>-55</b>	<b>-500</b>
	i. Þar af Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd, NIVA (stofnun)	3.438	3.810	-372	-450
<b>10.</b>	<b>MR-FINANS, efnahags- og fjármál</b>	<b>1.651</b>	<b>1.592</b>	<b>59</b>	<b>0</b>
<b>11.</b>	<b>MR-JUST, dómsmál</b>	<b>1.237</b>	<b>1.193</b>	<b>44</b>	<b>0</b>
<b>12.</b>	<b>MR-Digital, stafvæðing</b>	<b>20.015</b>	<b>18.176</b>	<b>1.839</b>	<b>1.125</b>
	<b>Norræn heildarfjárhagsáætlun</b>	<b>1.055.400</b>	<b>1.037.564</b>	<b>17.157</b>	<b>0</b>

\*Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi, Litáen og Norðvestur-Rússlandi.

# Áætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar á starfsárinu 2024

Norðurlöndin samþykktu í ágúst 2019 nýja framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Framtíðarsýnin hefur leitt til breyttrar forgangsröðunar og átaksverkefna til að tryggja að allt starf styðji með skýrum hætti stefnumarkandi áherslusviðin þrjú, græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

## Framtíðarsýn okkar 2030



## Tólf markmið framtíðarsýnarinnar skýra nánar það sem Norræna ráðherranefndin hyggst ná með starfsemi sinni 2021-2024

Allt starf Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að framkvæmd Framtíðarsýnar okkar fyrir 2030 og hinna þriggja stefnumarkandi áherslusviða. Samstarfsráðherrarnir samþykktu í byrjun árs 2020 tólf markmið hinna stefnumarkandi áherslusviða og sérstaka áherslu á þverlægt

samstarf til að greiða fyrir framkvæmd framtíðarsýnarinnar.

Framkvæmdaáætlun tímabilsins 2021-2024 var samþykkt í desember 2020 til nánari skýringar á framkvæmd framtíðarsýnarinnar. Þar eru talin upp forgangsverkefni og þróunarsvið sem eiga að stuðla að því að markmiðum framtíðarsýnarinnar verði náð og þverlæg sjónarmið verði eflid í allri Norrænu ráðherranefndinni.

- Markmið 1:** Efla rannsóknir, þróun og framgang lausna sem stuðla að kolefnishlutleysi og aðlögun að loftslagsbreytingum, til dæmis í samgöngum, byggingum, matvælum og orkumálum.
- Markmið 2:** Tryggja líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu lands og sjávar á Norðurlöndum.
- Markmið 3:** Efla hringrásar- og lífhagkerfi, sjálfbæra og samkeppnishæfa framleiðslu, sjálfbær matvælakefni og hringrásir á Norðurlöndum þar sem auðlindir eru vel nýttar og eru án eiturefna.
- Markmið 4:** Auðvelda norrænum neytendum og gera það eftirsóknarvert að velja hollar, vistvænar og loftslagsvænar vörur með sameiginlegum aðgerðum sem stuðla að sjálfbærri neyslu.
- Markmið 5:** Stuðla að jákvæðri þróun í alþjóðasamstarfi um umhverfis- og loftslagsmál, til dæmis með því að liðka fyrir norrænum grænum lausnum víðar um heim.
- Markmið 6:** Styðja þekkingu og nýsköpun og auðvelda fyrirtækjum á öllum Norðurlöndum að nýta til fulls þá þróunarmöguleika sem felast í grænum, tæknilegum og stafrænum umskiptum og hinu vaxandi lífhagkerfi.
- Markmið 7:** Þróa færni og öfluga vinnumarkaði sem standast kröfur grænna umskipta og stafrænnar þróunar og sem styðja frjálsa för á Norðurlöndum.
- Markmið 8:** Nýta stafræn umskipti og menntun til að færa Norðurlöndin nær hvert öðru.
- Markmið 9:** Stuðla að gæðum, jafnræði og öryggi í heilbrigðis- og velferðarþjónustu fyrir alla.
- Markmið 10:** Beita sér fyrir því að almenningur á Norðurlöndum taki þátt í grænum umskiptum og stafrænni þróun, nýta sóknarfæri umskiptanna og vinna gegn því að umskiptin auki ójöfnuð í samfélaginu.
- Markmið 11:** Veita borgaralegu samfélagi á Norðurlöndum, einkum börnum og ungu fólki, sterkari rödd og aðild að norrænu samstarfi og auka þekkingu á tungumálum og menningu frændþjóðanna.
- Markmið 12:** Viðhalda trausti og samheldni á Norðurlöndum, sameiginlegum gildum og norrænu samfélagi með áherslu á menningu, lýðræði, jafnrétti, inngildingum, jafnræði og tjáningarfrelsi.

## Framtíðarsýnin felur í sér breyttar áherslur til að efla grænar aðgerðir


Samstarfsráðherrarnir samþykktu í febrúar 2020 að breyta skiptingu fjárins. Ákvörðunin felur í sér tilfærslur á fé milli ráðherraefnda í þeim tilgangi að efla græn verkefni og skapa jafnvægi milli stefnumarkandi áherslusviða framtíðarsýnarinnar. Tilfærslur á fé verða innleiddar í áföngum á tímabilinu 2021-2024.

Þegar breytingarnar verða um garð gengnar hafa 170 M.DKK árið 2024 (miðað við verðlag 2020) verið færðar til, eða rúmlega 1/6 af heildarfjárhagsáætlun Norrænu ráðherraefndarinnar en hún nemur um einum milljarði DKK. Það eru einkum áherslur á græn Norðurlönd sem verða auknar með meira en 100 M.DKK á árinu 2024 þegar tilfærslunum er lokið að fullu.

(Milljónir DKK á verðlagi ársins 2020)	2020	2021	2022	2023	2024
MR-SAM	251,625	227,445	220,320	215,195	203,070
MR-Digital	15,458	15,926	17,051	18,176	19,301
MR-U	224,723	211,666	204,416	197,166	189,916
MR-S	42,331	40,737	40,237	39,737	39,237
MR-K	180,255	161,858	154,608	147,358	140,108
MR-FJLS	43,926	44,841	46,591	47,341	49,091
MR-Jäm	11,671	11,369	11,369	11,369	11,369
MR-Vækst (atvinnustefna)	86,241	88,313	91,313	94,313	98,313
MR-Vækst (orkumál)	12,832	16,000	19,000	22,000	26,000
MR-Vækst (byggðastefna)	32,848	32,499	32,999	33,499	33,999
MR-MK	47,555	59,776	73,026	85,276	101,526
MR-A	15,223	14,330	13,830	13,330	12,830
MR-Finans	1,634	1,592	1,592	1,592	1,592
MR-lov	1,225	1,193	1,193	1,193	1,193
<i>Frátekið fé</i>		<i>40,000</i>	<i>40,000</i>	<i>40,000</i>	<i>40,000</i>
<b>Samtals</b>	<b>967,547</b>	<b>967,547</b>	<b>967,547</b>	<b>967,547</b>	<b>967,547</b>

Skýringarmyndirnar tvær hér fyrir neðan sýna í grófum dráttum hvernig fjárveitingum ársins 2024 verður skipt á milli þriggja stefnumarkandi áherslusviða og tólf markmiða framtíðarsýnarinnar. Taka skal fram að hvert fagsvið á skrifstofu Norrænu ráðherraefndarinnar áætla skiptingu út frá því hvernig fjárhagsliðir hvers fagsviðs stuðla að hverju markmiði framtíðarsýnarinnar.

Samanburður á skiptingu til grænna Norðurlanda (41%), samkeppnishæfra Norðurlanda (29%) og félagslega sjálfbærra Norðurlanda (30%) sýnir greinilega að öll þrjú svið eru sett í forgang en að græn Norðurlönd fá stærstan hluta fjárins.




## Pannig birtist vinnan að Framtíðarsýn okkar 2030 í áætlunum og fjárhagsáætlun 2024

Vinnan að framkvæmd markmiða Framtíðarsýnar okkar 2030 er miðlæg í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar og fjárhagsáætlun ársins 2024. Í fjárhagsáætluninni er þess getið í inngangsorðum hvers fjárhagsliðs fyrir sig hvernig aðgerðir og verkefni í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar stuðla að hinum tólf markmiðum framtíðarsýnarinnar. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvern fjárhagslið er einnig tekin afstaða til hvort einhverjar aðgerðir hans séu þáttur í þverlægum áherslum á jafnrétti, sjálfbærni (heimsmarkmið Sþ) og málefni barna og ungs fólks.

## Eftirfylgni við árangur og matsaðgerðir hjá Norrænu ráðherranefndinni

Eftirfylgni við árangur og matsaðgerðir eru mikilvæg verkfæri í fjárhagsáætlunarferli Norrænu ráðherranefndarinnar. Á þann hátt nýtist fengin reynsla við undirbúning á nýjum pólitískum frumkvæðum. Í inngangsorðum hvers ráðherranefndar í fjárhagsáætlunarritinu og undir hverjum fjárhagslið er greint frá árangri sem fengist hefur fyrir fjárveitinguna. Væntanlega verður stuðst í auknum mæli við árangursskýrslur og matsskýrslur þegar fjárveitingum er skipt í norrænu fjárhagsáætluninni. Við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2024 er miðað við árið 2022 en það er síðasta fjárhagsár sem frágengið er og því hægt að fylgja eftir árangri þess. Ráðherranefndin í heild sinni samþykkti samtals um 300 pólitísk markmið á árinu 2022. Þar af töldust um 98% hafa náðst að fullu eða að hluta til og 2% töldust ekki hafa náðst eins og sjá má á myndinni hér að neðan.



Megnið af norrænu fé fór til samnorrænna verkefna, áætlana og norrænna stofnana. Hjá Norrænu ráðherranefndinni er unnið ötullega að því að meta verkefnastarfsemina. Stærri stefnumótandi aðgerðir eru alltaf metnar þegar þeim lýkur. Auk þess er viðtekin venja að framkvæma mat þegar samdar eru nýjar stefnur og áætlanir á fagsviðunum. Stuðst er við niðurstöður matsins þegar ákvarðanir eru teknar um framhald starfsins á viðkomandi sviðum.

Um stofnanirnar gildir að í ársskýrslunum er greint frá árangri sem náðst hefur með hliðsjón af kröfum sem tilgreindar eru í árlegum fjárveitingarbréfum þeirra. Hvað varðar verkefni og áætlanir þá kemur fram í gildandi leiðbeiningum og í verki að öll verkefni og áætlanir skulu metnar þegar þeim lýkur.

# Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er aðallega fjármögnuð með beinum framlögum landanna. Grundvallarreglan er sú að framlög landanna samsvari heildarfjárhagsramma að frádragnum launatengdum gjöldum, nettóvaxtatekjum og öðrum tekjum, sbr. töflu hér að neðan. Framlög landanna eru ákveðin samkvæmt skiptireglu sem ræðst af hlutdeild landanna í samanlögðum vergum þjóðartekjum miðað við kostnaðarverð síðustu tveggja ára sem tölur liggja fyrir um á Norðurlöndum (í fjárhagsáætlun ársins 2024 eru það 2020 og 2021).

TEKJUR Þús. DKK (á verðlagi ársins*)	2021		2022		2023		2024	
	Fjárhags- áætlun	Skipti- regla	Fjárhags- áætlun	Skipti- regla	Fjárhags- áætlun	Skipti- regla	Fjárhags- áætlun	Skipti- regla
Launatengd gjöld	13.500		13.500		14.000		14.000	
Aðrar tekjur (t.d. vextir)	0		0		0		0	
Framlög landanna	955.523		973.988		1.023.564		1.041.406	
– Danmörk	208.304	21,8%	216.540	22,2%	233.373	22,8%	234.183	22,5%
– Finnland	159.572	16,7%	164.431	16,9%	177.077	17,3%	175.002	16,8%
– Ísland	15.288	1,6%	15.704	1,6%	15.353	1,5%	14.627	1,4%
– Noregur	265.635	27,8%	270.096	27,7%	265.103	25,9%	272.196	26,1%
– Svíþjóð	306.723	32,1%	307.217	31,5%	332.658	32,5%	345.399	33,2%
Samtals:	969.023	100%	987.488	100%	1.037.564	100%	1.055.406	100%

## Greiðslufyrirkomulag vegna æðri menntunar

Samningurinn um aðgang að æðri menntun kveður á um að greiðslur milli landa skuli gerðar upp í framlögum þeirra til árlegrar fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar. Ákvæðið hefur þannig áhrif á framlög landanna í hinn samnorræna sjóð. Greiðslufyrirkomulagið gildir um Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð. Greiðslufyrirkomulagið gildir ekki um Ísland, Álandseyjar, Færeyjar og Grænland. Er því tekið tillit til innbyrðis skiptingar greiðslna milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar samkvæmt greiðslufyrirkomulaginu í framlögum landanna til fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar. Árið 2018 var ákveðið að framlengja samninginn enn um sinn.

Í samningnum er kveðið á um að greiða skuli fyrir 75% þess fjölda námsfólks sem hlýtur námsstyrk í búsetulandinu samkvæmt reglum sem þar gilda, og er skráð í nám hjá æðri

menntastofnun í öðru norrænu landi, sem fellur undir 1. gr. samningsins. Nemar í rannsóknanámi og ósérgreindu háskólanámi eru ekki taldir með í útreikningunum.

Árleg greiðsla fyrir hvern námsmann er 36.112 DKK árið 2024.

Ráðherranefndinni berast tölfærðilegar upplýsingar frá menntasjóðum landanna sem liggja til grundvallar þegar reiknaður er út sá fjöldi námsfólks sem ætlað er að fari á milli landa og falla undir greiðslufyrirkomulagið.

**Greiðslufyrirkomulag, æðri menntun (þús.DKK)**

	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022	Fjárhagsáætlun 2023	Fjárhagsáætlun 2024
Danmörk	-59.627	-58.429	-54.355	-53.924
Finnland	51.119	44.073	41.197	36.699
Ísland	0	0	0	0
Noregur	43.594	43.019	37.555	36.048
Svíþjóð	-35.086	-28.663	-24.397	-18.823
Samtals:	0	0	0	0

Á eftirfarandi yfirliti má sjá framlag frá löndunum til Norrænu ráðherranefndarinnar í þúsundum eininga gjaldmiðils hver lands. Framlöggin eru með tilliti til greiðsluákvæða.

**Fjárhagsáætlun 2024 – Áætluð framlög landanna í eigin gjaldmiðli**


Danmörk	180.259	þús.DKK
Finnland	28.416	þús.EUR
Ísland	291.534	þús.ISK
Noregur	460.066	þús.NOK
Svíþjóð	494.811	þús.SEK

# Fjárhagsáætlanir og lausafjárstaða Norrænu ráðherranefndarinnar í sögulegu ljósi

## Þróun fjárhagsramma Norrænu ráðherranefndarinnar

Ein aðferð til að rannsaka þróun fjárhagsramma Norrænu ráðherranefndarinnar yfir lengra tímabil er að bera hann saman við samanlagða verga þjóðarframleiðslu landanna (VPF). Norræn verg þjóðarframleiðsla er samanlögð verg þjóðarframleiðsla Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Skýringarmyndin hér að neðan sýnir hlutfall fjárhagsrammans af norrænni vergri þjóðarframleiðslu frá því á árinu 1995. Þar kemur fram að fjárhagsrammi ráðherranefndarinnar hefur minnkað hlutfallslega á tímabilinu í samanburði við verga þjóðarframleiðslu.


### Hlutfall fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar af vergri þjóðarframleiðslu Norðurlanda



Heimild: Eurostat, apríl 2023

Samantburðurinn er gerður á tímabilinu 1995–2022 þar sem vísitala ársins 1995 er 100. Þetta tímabil var valið vegna þess að tölur um verga þjóðarframleiðslu frá þessum árum lágu fyrir við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Helsta skýringin á hlutfallslegri aukningu fjárhagsrammans 2009 er efnahagskreppan 2008. Verg þjóðarframleiðsla dróst saman í öllum löndunum 2009 miðað við 2008 en fyrir vikið var fjárhagsáætlun ráðherraefndarinnar 2009 hlutfallslega hærri en ella miðað við verga þjóðarframleiðslu landanna.

**Þróun fjárhagsáætlunar á árunum 2011–2024**



Í tillögum að fjárhagsáætlun sýnir grafið yfir verðlag hvers árs árið 2024 á verðlagi ársins 2023. Þetta hefur verið fært til verðlags ársins 2024 í þessari endanlegu útgáfu af fjárhagsáætluninni.

Samstarfsráðherrarnir samþykktu fjárhagsramma ársins 2024 sem er sambærilegur fjárhagsáætlun ársins 2023.

Samdráttur í fjárhagsáætlun á föstu verðlagi skýrist af gengissveiflum. Einkum lækkaði gengi sænsku og norsku krónunnar. Hækkun milli ára 2011 og 2012 og áfram árið 2013 á verðlagi hvers tíma var eins vegna þess að norska og sænska krónan styrktust miðað við dönsku krónuna. Skýra má tiltölulega mikið hrap á föstu verðlagi á árunum 2013–2021 og niðurskurð í fjárhagsáætlunum 2014–2016 með því að norska og sænska krónan veiktust gagnvart dönsku krónunni.

## Þróun óráðstafaðs fjár á árunum 2019–2022

Óráðstafað fé er skilgreint sem fé sem ekki er búið að ákveða hvernig eigi að verja. Óráðstafað fé kemur einungis fyrir í fjárhagsliðum sem varða framlög til verkefna og áætlana vegna þess að framlög ráðherrernefndarinnar til stofnana og samtaka eru greidd að fullu til utanaðkomandi aðila sem hafa ráðstöfunarrétt yfir fénu. Þess vegna er þetta fé alltaf skilgreint sem 100% ráðstafað fé í fjárhagsáætlun ráðherrernefndarinnar. Fjárveitingar til verkefna og áætlana námu alls um 60% af fjárhagsramma ráðherrernefndarinnar árið 2022.

Þegar fjárhagsáætlunarferlið var nútímavætt og hugmyndalisti framkvæmdastjórans samþykktur árið 2007 ákváðu samstarfsráðherrarnir að innleiða 20%-reglu með lágmarksupphæð sem nam 200.000 DKK. Í henni fólst að ekki mætti yfirfæra meira en 20% af tilteknum fjárhagslið til næsta árs en þó allt að 200.000 DKK. Þegar fjárhagsáætlunin var nútímavædd 2014 var reglunni breytt í 15%-reglu og lágmarksfjárhæðinni í 150.000 DKK. Þessi mörk eru sett af tilliti til lágra fjárhagsliða, sem kæmu illa út ef eingöngu væri beitt hlutfallsútreikningi.

Samstarfsráðherrarnir ákváðu í maí 2009 að frá og með starfsárinu 2009 skyldi fé sem stæðist ekki 15%-regluna endurgreiðast til landanna þar til búið væri að endurgreiða samtals 35 M.DKK. Ákvörðunin var tekin í ljósi þess að fjárhagsramminn hafði verið aukinn í eitt sinn árið 2008 um 35 M.DKK til að fjármagna hnattvæðingarverkefnið. Við uppgjör reikninga ársins 2019 voru 35 M.DKK endurgreiddar til landanna. Fé sem fellur fyrir 15%-reglunni er lagt inn á varareikning til ráðstöfunar samstarfsráðherranna á reikningsárinu + 2, skv. 20. gr. A í fjárhagsreglum.

Á myndritinu hér að neðan sést óráðstafað fé á árunum 2019–2022, enn fremur hvernig óráðstafað fé skiptist milli ráðherrernefndanna í þús.DKK og hlutfall þess af heildarfjárhagsramma fagsviðanna.



Hér að neðan er yfirlit yfir skiptingu óráðstafaðs fjár milli ráðherranefnda í þús.DKK og hlutfall þess af heildarfjárhagsramma fagsviðanna.

**Óráðstafað fé í lok árs 2019–2022 (þús.DKK)**

Fagsvið	2019		2020*		2021		2022**		Lækkað skv. 15%-reglu
	Óráðst.	% af stærð sviðsins	Óráðst.	% af stærð sviðsins	Óráðst.	% af stærð sviðsins	Óráðst.	% af stærð sviðsins	
Stuðlað að framtíðarsýninni	5.116	1,9%	18.994	21,0%	10.416	11,0 %	3.723	5,7 %	1.090
Alþjóðasamstarf	3.535	5,8%	16.326	27,2%	3.836	5,8 %	5.125	11,4 %	1.535
Menntamál og rannsóknir	1.700	0,8%	0	0%	1.547	0,8 %	1.478	3,8 %	11
Félags- og heilbrigðismál	1.192	2,9%	11.695	27,6%	654	1,6 %	1.182	0,7 %	365
FJLS	285	0,7%	5.262	12,0%	3.593	2,1 %	2.897	3,7 %	0
Menningarmál	2.912	1,6%	7.982	4,4%	1.036	2,3 %	1.438	1,7 %	0
Jafnrétti og LGBTI	319	3,4%	1.783	15,3%	584	5,1 %	273	3,0 %	0
Sjálfbær hagvöxtur	120	0,1%	2.414	1,8%	3.060	2,3 %	3.048	2,4 %	23
Umhverfismál	2.470	5,2%	3.768	7,9%	3.312	5,5 %	3.062	2,1 %	0
Vinnumálafestna	234	1,6%	1.901	12,5%	1.593	7,3 %	938	4,2 %	124
Efnahags- og fjármál	102	6,3%	245	15,0%	99	6,2 %	239	7,6 %	202
Dómsmál	0	0,0%	342	27,9%	395	2,5 %	179	27,7 %	32
Stafvæðing**	-	-	-	-	11.291	70,9 %	1.322	17,7 %	0
Önnur starfsemi	1.601	1,4%	2.287	6,6%	5.212	15,1 %	3.409	7,8 %	1.251
<b>ALLS</b>	<b>19.586</b>	<b>2,0%</b>	<b>71.902</b>	<b>7,4%</b>	<b>46.628</b>	<b>4,8 %</b>	<b>28.313</b>	<b>3,3 %</b>	<b>4.633</b>

\*Í ársreikningum 2020 voru gerðar ýmsar tæknilegar leiðréttingar sem gera það að verkum að ekki er hægt að bera tölurnar saman við árin þar á undan.

\*\*Endurskoðun stendur yfir á ársreikningi 2022 og því eru tölurnar settar fram með fyrirvara.

\*\*\*Fram til ársins 2021 var MR-Digital hluti af fjárhagsliðum samstarfsráðherranna í töflunni.

## Þróun lausafjárstöðu

Lausafjárstaða Norrænu ráðherranefndarinnar í byrjun maí 2023 var sem hér segir:

DKK: Um 110 milljónir

SEK: Um 17 milljónir

NOK: Um 0,1 milljón

EUR: Um 0,6 milljónir

ISK: Um 3,3 milljónir

Frá og með árinu 2008 hefur framlag landanna verið innheimt fjórum sinnum á ári en ekki tvisvar eins og áður var gert og því hefur mynstrið í lausafjárstöðu ráðherranefndarinnar breyst. Um mitt ár 2014 hófu löndin að greiða átta sinnum á ári, fjórar greiðslur í dönskum krónum og fjórar í eigin gjaldmiðli.

Samstarfsráðherrarnir ákváðu í nóvember 2010 að færa greiðslur landanna til um tvo mánuði. Áhrifin urðu þau að heildarlausafjárstaða ráðherranefndarinnar lækkaði verulega strax á árinu 2011 og á ákveðnum tímum árs er hún nálægt núlli í dönskum krónum. Norræna samstarfsnefndin (NSK) ákvað því í desember 2018 til bráðabirgða að breyta greiðslum á árinu 2019 á þann hátt að löndin greiddu 40% af framlögum sínum í dönskum krónum á fyrsta ársfjórðungi en 20% á seinni ársfjórðungi. Þetta fyrirkomulag hélt áfram 2020-2022. Norræna samstarfsnefndin ákvað að greiðslurnar á árinu 2023 myndu dreifast jafnt á alla ársfjórðunga. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um skiptingu greiðslna 2024.

# Yfirlit yfir liði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar

Þús.DKK		Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2023
<b>MR-SAM: Stuðlað að grænum, samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum</b>		<b>122.423</b>	<b>135.680</b>
<i>40 M.DKK-sjóðurinn</i>		<i>41.480</i>	<i>40.000</i>
1-1060	Sjóður til að efla græn Norðurlönd	19.288	18.200
1-1061	Sjóður til að efla samkeppnishæf Norðurlönd	12.963	12.500
1-1062	Sjóður til að efla félagslega sjálfbær Norðurlönd	9.229	9.300
<i>Formenskusjóðurinn, Ísland</i>		<i>0</i>	<i>0</i>
1-8031	Hafið – blár hagvöxtur í norðri	0	0
1-8032	Sjálfbær ferðamennska í norðri	0	0
1-8033	Ungt fólk á Norðurlöndum	0	0
<i>Formenskusjóðurinn, Finnland</i>		<i>0</i>	<i>5.000</i>
1-8037	Samstarfslíkön sem virka og áskoranir sem hafa áhrif á samþættingu Norðurlanda	0	0
1-8038	Stafræn umskipti skapa einfaldasta hversdagslíf í heimi og hreyfanleika milli landa / Achieving the world's smoothest cross-border mobility and daily life through digitalisation	0	2.500
1-8039	Norræn samstarfsnet um hringrásarbyggingar	0	2.500
<i>Formenskusjóðurinn, Danmörk</i>		<i>0</i>	<i>0</i>
1-8034	Norræn ungmenni í sjálfbæru félagsstarfi / Nordic Youth in Sustainable Dialogue	0	0
1-8035	Sjálfbær þróun strandsamfélaga á Norðurlöndum	0	0
1-8036	Framtíðarsýn verður að veruleika – framtíðarorkulausnir á afskekktum svæðum	0	0
<i>Stuðlað að grænum, samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum</i>		<i>80.943</i>	<i>90.680</i>
1-8410	Pólítískar áherslur	0	0

1-8411	Pólítísk verkefni	8.296	8.000
1-8412	Til ráðstöfunar MR-SAM	21.851	33.696
1-8420	Kynning og mörkun stöðu	6.481	6.250
1-8510	Ný þverlæg verkefni	0	0
1-8520	Norrænar lausnir á hnattrænum samfélagsáskorunum	0	0
1-0410	Samband Norrænu félaganna	4.494	4.334
1-0425	Framlag til Grænlands	807	778
1-0460	Sjálfbær þróun (áður Sjálfbær Norðurlönd)	6.741	6.500
1-1012	Norðurlönd í fókus	5.556	5.358
1-1030	Info Norden	7.688	7.414
1-1036	Stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum	6.486	6.255
1-1050	Embættismannaskipti	2.208	2.129
1-2534	Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	0	0
1-2212	Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK)	10.335	9.966

<b>Þús.DKK</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2024</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2023</b>
<b>MR-SAM: Skrifstofuhald</b>	<b>100.876</b>	<b>97.370</b>

1-0435	Varasjóður framkvæmdastjóra	461	445
1-1011	Samskiptastarf (áður upplýsingastarf)	3.630	3.500
1-1013	Hagtölur	4.148	4.000
1-0180	Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	90.563	87.925
1-0181	Fjárfestingar í UT á skrifstofu ráðherranefndarinnar	2.074	1.500

<b>Þús.DKK</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2024</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2023</b>
<b>MR-SAM: Alþjóðasamstarf</b>	<b>62.553</b>	<b>55.429</b>

1-0820	Grannsvæðasamstarf Norðurlanda	22.503	20.700
1-0980	Samvinnuverkefni og samstarf á landamærasvæðum	0	0
1-0810	Skrifstofur Norrænu ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi, Litáen og Norðvestur-Rússlandi	16.458	14.979
1-0850	Alþjóðlegt starf	0	0
1-0851	Styrkur til samstarfs norrænna sendiskrifstofa	8.037	7.750
1-0870	Samstarfsáætlun um málefni norðurslóða	10.370	10.000
1-0990	Samstarf við grannsvæði Norðurlanda í vestri	5.185	2.000

<b>Þús.DKK</b>		<b>Fjárhagsáætlun 2024</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2023</b>
<b>MR-U</b>		<b>200.388</b>	<b>208.132</b>
	<i>Almenn framlög til menntamála og rannsókna</i>	207	200
2-2505	Ráðstöfunarfé Menntamál og rannsóknir	207	200
	<i>Stefnumótun o.fl.</i>	12.341	13.351
2-2544	Norrænt tungumálasamstarf	2.904	3.236
2-3127	Stefnumörkun um nám fullorðinna	3.733	3.912
2-2506	Stefnumarkandi norrænt samstarf um menntamál	5.704	6.203
	<i>Ferðastyrkja- og samstarfsnetaáætlanir</i>	84.866	80.164
2-2513	Nordplus	84.866	80.164
2-2515	Norræn meistaranámsáætlun	0	0
	<i>Stofnun</i>	101.477	112.732
2-3100	Norræna rannsóknaráðið (NordForsk)	101.477	112.732
	<i>Annað rannsóknasamstarf</i>	1.497	1.680
2-3180	Norræna kjarneðlisfræðistofnunin (NORDITA)	0	0
2-3181	Norræna sjóréttarstofnunin (NifS)	0	0
2-3182	Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	0	0
2-3184	Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)	0	0
2-3185	Norræna Samastofnunin (NSI)	1.497	1.680
<b>Þús.DKK</b>		<b>Fjárhagsáætlun 2024</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2023</b>
<b>MR-S</b>		<b>42.157</b>	<b>42.984</b>
	<i>Verkefnafé</i>	23.617	23.043
3-4310	Verkefnafé – Félags- og heilbrigðismál	4.334	4.229
3-4311	Norrænt samstarf í heilbrigðismálum	3.447	3.364
3-4312	Norrænt samstarf í félagsmálum	3.463	3.379
3-4320	Norrænt samstarfsráð um málefni fólks með fötlun	1.270	1.239
3-4340	Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (Nomesko) og Norræna hagsýslunefndin (Nososko)	2.225	2.171
3-4382	Norræna tannlækningastofnunin (NIOM AS)	8.878	8.661
	<i>Stofnanir</i>	18.540	19.941
3-4380	Norræna velferðarmiðstöðin	18.540	19.941

<b>Þús.DKK</b>		<b>Fjárhagsáætlun 2024</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2023</b>
<b>MR-K</b>		<b>155.590</b>	<b>157.856</b>
	<i>Almenn framlög til menningarmála</i>	<i>44.850</i>	<i>45.428</i>
4-2203	Ráðstöfunarfé Menningarmál	259	250
4-2205	Norræni menningarsjóðurinn	34.993	35.228
4-2206	Verðlaun Norðurlandaráðs	3.791	3.706
4-2208	Stefnumarkandi aðgerðir	5.807	6.244
	<i>Kvikmyndir og fjölmiðlar</i>	<i>33.087</i>	<i>32.558</i>
4-2222	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	29.963	29.484
4-2228	Norræna gagnamiðstöðin um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)	3.124	3.074
	<i>Styrkjaáætlanir</i>	<i>31.509</i>	<i>31.922</i>
4-2251	Menningar- og listaáætlunin	17.560	17.279
4-2253	Norrænir þýðingarstyrkir	3.463	3.407
4-2254	Norræn-baltnesk ferðastyrkjaáætlun á menningarsviði	10.486	11.236
	<i>Norrænu menningarhúsin (stofnanir)</i>	<i>42.449</i>	<i>43.233</i>
4-2270	Norræna húsið í Reykjavík	10.030	10.307
4-2272	Norðurlandahúsið í Færeyjum	12.699	12.978
4-2274	Norræna stofnunin á Álandseyjum	3.037	3.028
4-2277	Norræna stofnunin á Grænlandi	6.315	6.256
4-2548	Norræna menningargáttin	10.368	10.664
	<i>Önnur framlög til menningarmála</i>	<i>3.695</i>	<i>4.715</i>
4-2232	Önnur menningarstarfsemi	0	1.080
4-2234	Menningarsamstarf Sama	3.695	3.635

<b>Þús.DKK</b>		<b>Fjárhagsáætlun 2024</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2023</b>
<b>MR-FJLS</b>		<b>52.120</b>	<b>50.863</b>
5-6420	Ráðstöfunarfé EK-FJLS (framkvæmdanefnd)	5.842	3.884
	<i>Fiskveiðar</i>	<i>6.906</i>	<i>6.660</i>
5-6610	Verkefnafé – Fiskveiðar	6.906	6.660
	<i>Landbúnaður</i>	<i>2.003</i>	<i>1.931</i>
5-6510	Verkefnafé – Landbúnaður	418	403
5-6520	Norræna nefndin um landbúnaðarrannsóknir (NKJ)	1.585	1.528
	<i>Skógrækt</i>	<i>7.057</i>	<i>6.805</i>
5-6310	Verkefnafé – Skógrækt	338	326
5-6581	Norrænar skógræktarrannsóknir (SNS)	6.719	6.479
	<i>Stofnanir – Landbúnaður</i>	<i>23.810</i>	<i>25.313</i>
5-6585	Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen)	23.810	25.313
	<i>Matvæli</i>	<i>6.502</i>	<i>6.270</i>
5-6810	Verkefnafé – Matvæli	6.502	6.270
<b>Þús.DKK</b>		<b>Fjárhagsáætlun 2024</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2023</b>
<b>MR-Jafnrétti og LGBTI</b>		<b>12.017</b>	<b>11.589</b>
	<i>Verkefnafé</i>	<i>12.017</i>	<i>11.589</i>
6-4410	Stefnumarkandi átaksverkefni jafnrétti	3.896	3.757
6-4411	Stefnumarkandi átaksverkefni málefni hinsegin fólks	770	743
6-4420	Norrænn LGBTI- og jafnréttissjóður	4.369	4.213
6-4480	Norræna upplýsingaveitan um kynjafraeði (NIKK)	2.982	2.876

<b>Þús.DKK</b>		<b>Fjárhagsáætlun 2024</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2023</b>
<b>MR-Sjálfbær hagvöxtur</b>		<b>164.134</b>	<b>156.456</b>
	<i>Atvinnulíf</i>	<i>100.768</i>	<i>97.954</i>
7-5140	Verkefnafé – Atvinnulíf	24.992	7.696
7-5280	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)	12.293	11.854
	<i>Stofnanir - Atvinnulíf</i>	<i>63.483</i>	<i>78.404</i>
7-5180	Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NI)	63.483	78.404
	<i>Orkumál</i>	<i>15.762</i>	<i>12.000</i>
7-5141	Verkefnafé – Orkumál	15.762	12.000
	<i>Stofnanir – Orkumál</i>	<i>10.780</i>	<i>10.407</i>
7-3220	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	10.780	10.407
	<i>Byggðamál</i>	<i>25.830</i>	<i>24.408</i>
7-5143	Innleiðing samstarfsáætlunar	10.809	8.211
7-5151	Norræna Atlantssamstarfið (NORA)	7.762	7.485
7-5160	Samstarf á landamærasvæðum	7.259	8.712
	<i>Stofnanir – Byggðastefna</i>	<i>10.994</i>	<i>11.687</i>
7-6180	Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum (Nordregio)	10.994	11.687
<b>Þús.DKK</b>		<b>Fjárhagsáætlun 2024</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2023</b>
<b>MR – MK</b>		<b>106.506</b>	<b>86.456</b>
8-3310	Ráðstöfunarfé – Umhverfismál	62.507	43.313
8-3311	Vinnuhópar á umhverfissviði	33.184	27.000
8-3312	Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs	884	852
8-6720	SVANURINN – Norræna umhverfismerkið	4.746	4.801
8-3320	Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	5.185	10.490

<b>Þús.DKK</b>		<b>Fjárhagsáætlun 2024</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2023</b>
<b>MR-A</b>		<b>13.733</b>	<b>13.788</b>
	<i>Verkefnafé</i>	<i>10.295</i>	<i>9.978</i>
9-4110	Stefnumarkandi átaksverkefni - vinnumál	1.431	1.420
9-4111	Verkefnafé nefndir Vinnumál	4.044	3.900
9-4120	Nordjobb	3.264	3.148
9-4130	Samskiptastarf - vinnumál	1.556	1.510
	<i>Stofnanir</i>	<i>3.438</i>	<i>3.810</i>
9-4180	Norræn stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA)	3.438	3.810

<b>Þús.DKK</b>		<b>Fjárhagsáætlun 2024</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2023</b>
<b>MR-Finans</b>		<b>1.651</b>	<b>1.592</b>
10-5210	Verkefnafé – Efnahags- og fjármál	1.651	1.592

<b>Þús.DKK</b>		<b>Fjárhagsáætlun 2024</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2023</b>
<b>MR-JUST</b>		<b>1.237</b>	<b>1.193</b>
11-7110	Verkefnafé – Dómsmál	1.237	1.193

<b>Þús.DKK</b>		<b>Fjárhagsáætlun 2024</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2023</b>
<b>MR-DIGITAL</b>		<b>20.015</b>	<b>18.176</b>
15-8530	Stafvæðing	20.015	18.176

# Fylgiskjal

## Fylgiskjal 1: Fjárveitingar til norrænna stofnana í þeirra gjaldmiðli

FJÁRVEITINGAR TIL NORRÆNNA STOFNANA		2024	2023	
<b>MR-U</b>				
2-3100	Norræna rannsóknaráðið (NordForsk)	151.458.000	154.427.000	NOK
<b>MR-S</b>				
3-4380	Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)	28.091.000	27.316.000	SEK
<b>MR-K</b>				
4-2270	Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)	200.601.000	198.212.000	ISK
4-2272	Norðurlandahúsið í Færeyjum (NLH)	12.699.000	12.978.000	DKK
4-2274	Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ)	407.600	407.000	EUR
4-2277	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	6.315.000	6.256.000	DKK
4-2548	Norræna menningargáttin (NKK)	1.391.700	1.433.000	EUR
<b>MR-FJLS</b>				
5-6585	Norræna erfðauðlindastofnunin (NordGen)	36.076.000	34.675.000	SEK
<b>MR-VÆKST</b>				
7-5180	Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NI)	94.751.000	107.403.000	NOK
7-3220	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	16.089.000	14.256.000	NOK
7-6180	Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum (Nordregio)	16.657.000	16.010.000	SEK
<b>MR-A</b>				
9-4180	Stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA)	461.500.000	512.100	EUR

## Fylgiskjal 2: Gengi gjaldmiðla og verðbólguviðmið 2024

### Gengi:

100 EUR	745 DKK
100 ISK	5,0 DKK
100 NOK	67 DKK
100 SEK	66 DKK

### Verðbólguviðmið:

Danmörk:	3,0 %
Finnland:	2,2 %
Ísland:	4,9 %
Noregur:	4,8 %
Svíþjóð:	4,04 %

Reikningsstuðull verkefnafjár er 3,7% fyrir árið 2024.

# Um ritið

## Verkefna- og fjárhagsáætlun 2024 – Samantekt

PolitikNord 2024:709

ISBN 978-92-893-7823-9 (PDF)

ISBN 978-92-893-7824-6 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politknord2024-709>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Útgefið: 8.3.2024

### Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi eflað í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

[pub@norden.org](mailto:pub@norden.org)

Lesi fleiri norræn rit: [www.norden.org/is/utgafur](http://www.norden.org/is/utgafur)